

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Vopnafjarðarhreppur Búðaröxl



Dags eftirlits	12.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Vopnafjarðarhreppur	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Hamrahlíð 15	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	710269-5569	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Oddur Pétur Guðmundsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	690508,452 590016,913

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirliti sem hefur nú verið lokað. Tvö eldri frávik eru útistandandi. Tvær ábendingar eru gerðar, önnur er varðar skráningar og framsetningu mælinga er tengjast innra eftirliti rekstraraðila og hin er varðar móttæknu magni af brotamálmi sem fer umfram það sem heimilt er í starfsleyfi.

## UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Framgang úrbótaáætlana
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Vettvangsferð á urðunarstað

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun dagsettri 13. mars 2023. Sú úrbótaáætlun varðar eitt frávik frá gr. 6 í lögum nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem tekið er fram að allur atvinnurekstur sbr. Viðauka I, II og IV skal hafa gilt starfsleyfi. Í eftirliti síðasta árs kom fram að niðurrif og pressun bílhraja er framkvæmd á urðunarstaðnum án starfsleyfis. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verið sótt um starfsleyfið til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og telst því frávikinu **lokið**.

Skil á niðurstöðum skráninga bárust ekki á tilskyldum tíma og telst því sem frávik frá gr. 5.4. í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöðu skráninga á þeim liðum sem taldir eru upp í gr. 5.1. í starfsleyfi **fyrir 1.maí** hvers árs fyrir undangengið almanaksár. Skráninganiðurstöður og niðurstöður mælinga innra eftirlits var skilað 9. júní 2023 og telst frávikinu því **lokið**.

Gerð er athugasemd á styrk súlfats í niðurstöðum. Engin önnur veruleg athugasemd er gerð hvað styrk mælipátta varðar. Er rekstraraðila bent á að kynna sér nánar mælingaáætlun starfsleyfisins á vöktun sigvatns, grunnvatns og yfirborðsvatns og koma þeim í betra horf fyrir næstu skil.

Frá síðasta eftirliti voru opin tvö eldri frávik. Þau frávik snerta gr. 1.2 í starfsleyfi um vörslu olúgeymis á svæðinu og einnig að talsvert meira rúmmál er af brotamálmi á svæðinu en það sem rúmast í einum gámi. Olúgeymarnir hafa nú verið fjarlægðir og því frávikinu er lokið.

Árið 2022 var tekið á móti 70,91 tonni af brotamálmi til geymslu áður en það er svo sent áfram til Furu ehf. á Akureyri. Starfsleyfi rekstraraðila heimilar þó eingöngu geymslu á magni sem rúmast innan eins gáms á hverjum tíma, og vísast til 1.2. gr. starfsleyfis, og yfir árið skal það magn ekki fara yfir 26 tonn. Telst því frávikinu enn **opið**. Við skoðun á urðunarstað var auðséð að magn á brota málm er umfram það sem kemst fyrir í einum gámi og var gerð athugasemd við það.

Seinna eldra frávik, sem enn er **opið**, snertir gr. 3.2. í starfsleyfi, þar sem vatn safnast upp í úrganginum og því er urðað að vissu marki fyrir neðan grunnvatns. Rekstraraðila er kunnugt um aðstæður og hefur tíðarfar mikil áhrif á stöðuna hverju sinni. Við eftirlit var nokkuð af vatni sjáanlegt í urðunarrein. Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun sem enn er í gildi, hyggst rekstraraðili vinna í að framræsa í kringum

svæðið með leyfi Vegagerðarinnar með það að markmiði að hafa áhrif á vatnsstöðu innan svæðisins. Áætluð verklok eru í lok sumars 2024 og verður því tekin út sú staða í næsta reglubundna eftirliti. Að því viðbættu, þarf að taka út stöðu mála hreinsivirkis. Í starfsleyfi er tekið fram að leiða skuli allt vatn sem safnað er í hreinsvirki áður en það er leitt í Skógalón. Þann 19. apríl 2021 sótti Vopnafjarðarhreppur um breytingu á starfsleyfinu, vegna breyttra skilyrða hreinsivirkis, þar sem bygging Norðausturvegar hefur breytt frárennsli urðunarstaðarins frá þeim forsendum sem lágu fyrir við útgú nógildandi starfsleyfis.

Engin mengunar- eða umhverfisóhöpp hafa orðið hjá rekstraraðila og engar ábendingar eða kvartanir hafa borist þeim. Umhverfisstofnun barst hins vegar bréf dagsett þann 27 október 2022 frá Matvælastofnun með ábendingum vegna ófullnægjandi umgengni sláturúrgangs á urðunarstaðnum.

Viðbragðsáætlun frá árinu 2012 er á staðnum, rekstraraðili var beðinn um að huga að því að mögulega þarf að uppfæra áætlunina/endurskoða.

Niðurstaða áhættumats fyrir 2022 setur rekstraraðila í áhættuflokk B, og miðast sá flokkur við árlegt eftirlit. Áhættumat hvers árs er gert samhliða eftirliti. Niðurstaðan nú er sú að rekstraraðili færast yfir í flokk A, þar er viðmiðið eftirlit tvisar á ári. Það er hins vegar mat eftirlitsaðila að miða við framvindu opinna frávika sem eru á úrbótaáætlun og því mun matið haldast óbreytt frá árinu 2022.

Að lokum var rekstraraðila kynnt ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar, breyttu fyrirkomulagi á boðunum eftirlita stofnunarinnar og áhersluverkefnið um mengaðan jarðveg.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 5.4.	Skil á niðurstöðum skráninga bárust ekki á tilskyldum tíma, þ.e. 1 maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráninganiðurstöður og niðurstöður mælinga innra eftirlits var skilað 9.júní sl. og telst því frávikin lokið.



## ÁBENDINGAR

1. Gerð er ábending á skráningum innra eftirlits. Sjá þarf til þess að sýni sem tekin eru, séu skráð og skilgreind á réttan hátt með tilliti til staðsetninga og hvað sé verið að mæla í yfirliti sem sendist til Umhverfisstofnunar. Fara skal yfir þá mælipætti sem eiga að berast með vöktun, sbr. gr 5.2 í starfsleyfi

2. Ábending vegna geymslu á umtalsverðu magni af brotamálmi. Árið 2022 tekur rekstraraðili á mót 70,91 tonni af brotamálmi til geymslu. Viðmiðið er að magn þess sé ekki meira en það sem rúmast fyrir í einum gámi á hverjum tíma. Er rekstraraðili beðinn um að halda umfangi uppsafnaðs brotamálms í lágmarki á urðunarstaðnum. Verður staðan á því tekin í næsta reglubundna eftirliti.

## ANNAÐ

Við eftirlit bar ekki á slæmri umgengni á sláturúrgangi á urðunarstaðnum. Er þess getið, þar sem Umhverfisstofnun barst bréf frá Matvælastofnun 22.nóvember 2022, með tilkynningu um óviðunandi umgengni á sláturúrgangi á urðunarstaðnum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

*Halla Margrét Viðarsdóttir*  
Halla Margrét Viðarsdóttir

